

Bolungarvík 7.nóvember 2024

Ísafjarðarbær
Axel og Tinna

Neysluvatn Þingeyri

E.coli bakteríur ræktast úr sýni sem tekið var af neysluvatni Þingeyringa sl. Mánudag. Því þarf að sjóða allt neysluvatn þar til ómengið sýni hafa verið tekin. Þegar heilbrigðiseftirlitið tekur sýni af neysluvatni þá er vatnið skoðað með tilliti til svonefndra vísibaktería. Þannig er leitað að saurbakteríum, kólígerlum og saurkólí gerlum en þetta eru bakteríur sem hafa uppruna sinn í þörmum dýra með heitt blóð. Tilvist þeirra segir því til um ferska eða nýlega saurmengun. Við það að finna vísibakteríur í neysluvatni gefur okkur tilefni til að álykta að aðrar og hættumeiri bakteríur gæti verið þar einnig að finna. Sterk tengsl eru milli þess að finna saurkólí í vatni og þess að finna Campylobakter sem gefur tilefni til sterkra viðbragða um leið og við finnum saurbakteríur í drykkjarvatni.

Meðfylgjandi er úrdráttur úr neysluvatnsreglugerð, þar sem skýrð eru viðbrögð við ónothæfu neysluvatni Athygli er vakin á því að auka efirlitsferð og sýnataka geiðist af rekstraraðila.

Virðingarfyllt

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi



Tilkynning til Þingeyringa

Við könnun á neysluvatni þann 4. nóvember fundust saurgerlar (*E.coli*) í neysluvatninu. sem varúðarráðstöfun er fólki ráðlagt að sjóða drykkjarvatnið.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in blue ink, which appears to read "Anton Helgason".

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

2.gr

Markmið

Markmið þessarar reglugerðar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

og

14. gr

Viðbrögð við menguðu neysluvatni.

Rannsóknahættir í viðauka I eru flokkaðir í flokka A, B og C eftir því til hvaða aðgerða ber að grípa ef gildi mælist hærra en hámarksgildi viðkomandi þátta.

Mælist gildi yfir hámarksgildi fyrir framangreinda flokka skal gripið til eftirfarandi aðgerða:

Flokkur A:

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins banna dreifingu eða notkun neysluvatnsins, nema eftir nauðsynlegar aðgerðir til verndar heilsu manna. Heilbrigðisnefnd skal tafarlaust veita neytendum upplýsingar og ráðgjöf.

Flokkur B:

Gripið skal til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að endurheimta vatnsgæðin. Skulu aðgerðir ráðast af því hve mikið greining er yfir hámarksgildi og þeirri hættu sem heilsu manna er búin. Taki heilbrigðisnefnd í samráði við Hollustuvernd ríkisins þá ákvörðun að banna dreifingu neysluvatnsins eða takmarka notkun skal það gert með hliðsjón af þeirri hættu sem það kann að skapa. Í slíkum tilvikum skulu neytendum tafarlaust veittar upplýsingar og nauðsynleg ráðgjöf.

Flokkur C:

Heilbrigðisnefnd skal í samráði við Hollustuvernd ríkisins meta hvort heilsu manna er hættu búin. Heilbrigðisnefnd ber að grípa til aðgerða til að endurheimta vatnsgæðin. Neytendum skal tilkynnt um aðgerðir nema um óverulegt frávik sé að ræða.

Viðauki I: Reglubundið eftirlit

RANNSÓKNAÞÁTTUR	HÁMARKSGILDI	FLOKKUN	ATHUGASEMDIR
Heildargerlafræðingur við 22°C	Engin óeðlileg breyting	C	
Kólígerlar	0/100 ml	C	
Escherichia coli (E. Coli)	0/100 ml	A	